

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 226/2021

frá 28. júlí 2021

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1158 frá 22. júní 2021 um hönnunar-, smíða- og nothæfiskröfur sem og prófunarstaðla fyrir búnað um borð í skipum og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/1170 ⁽¹⁾.
- 2) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/1158 fellir úr gildi framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 2020/1170 ⁽²⁾ sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott samkvæmt samningnum.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi kemur í stað texta 3. liðar (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1170) í XXXII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„**32021 R 1158**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1158 frá 22. júní 2021 um hönnunar-, smíða- og nothæfiskröfur sem og prófunarstaðla fyrir búnað um borð í skipum og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/1170 (Stjtið. ESB L 254, 16.7.2021, bls. 1).“

2. gr.

Texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2021/1158, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 28. júlí 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 254, 16.7.2021, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 264, 12.8.2020, bls. 1.

* Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. júlí 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Per Sjaastad

formaður.

ÓOPINBER ÞÝÐING